



Til bæjarráðs

Kópavogi, 11. mars 2024
24031665/500.05 BR

Efni: Samræmd samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs sem hér er lögð fram, er afrakstur vinnu starfshóps á vegum SSH, en á 7. fundi stefnuráðs byggðasamlaganna, hinn 4. apríl 2023, var ákveðið að skipa sérstakan starfshóp í úrgangsmálum. Verkefni hópsins var m.a. að meta hvaða áhrif lagabreytingar hafa á skyldur sveitarfélaganna og hvaða breytingar eru nauðsynlegar á samþykktum sveitarfélaganna til að koma til móts við fjölgun á úrgangsflokkum og breytinga við meðhöndlun úrgangs við heimili. Samþykktin er samræmd og efnislega eins fyrir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þar sem flokkun og meðhöndlun úrgangs er nú orðin eins hjá þeim öllum.

Við vinnslu samþykktarinnar var haft samráð við Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun auk þess sem lögfræðingur SHS kom með beinum hætti að gerð samþykktarinnar.

Samþykktin er jafnframt til meðhöndlunar hjá bæjar- og borgarráði í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar